

Yfirlýsing frá Hreini Loftssyni, stjórnarformanni Baugs Group.

Allt frá fyrsta degi rannsóknar Baugsmálsins hef ég, sem lögmaður og stjórnarformaður félagsins, fylgst með umfjöllun um málið í fjölmiðlum. Eitt af því sem einkennt hefur þá umfjöllun allan tímann eru tilburðir ákveðinna aðila til að koma gögnum á framfæri, að því er virðist í því skyni að koma höggi á helstu sakborninga málsins. Skýrt dæmi um þetta gat að líta í Kastljósi RÚV í kvöld.

Í þættinum var með mjög einhliða hætti greint frá samskiptum Tryggva Jónssonar og Jóns Gerald Sullenberger og byggðist þátturinn á frásögn hins síðar nefnda. Fyrir liggur að hann telur sig eiga harma að hefna í samskiptum sínum við Jón Ásgeir Jóhannesson. Hvergi var þess getið í þættinum að Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum frá 15. mars sl. að Jón Gerald væri ótrúverðugt vitni og sönnunargildi gagna sem frá honum stöfuðu væri takmarkað. Í þættinum var veigamiklum þáttum sleppt og öðrum atriðum gerð skil með mjög villandi hætti. Af umfjölluninni er augljóst að Jón Gerald Sullenberger hefur tím til þau gögn sem hann telur sínum málstað til framdráttar en öðrum gögnum og skýringum ekki haldið til haga af sjónvarpsmönnum.

Í réttarríki er það hlutverk dómstóla að meta gildi gagna og framburða af því tagi sem Kastljósið birti. Það er ekki á verksviði fjölmiðla að kveða upp úr um sekt eða sakleysi. Nefna má tvö dæmi þessu til skýringar:

Í fyrsta lagi umfjöllun um 589.000 USD kredit-reikning. Minna má á að það var þessi reikningur sem var aðalgagnið frá Jóni Gerald þegar hann kærði Jón Ásgeir og Tryggva fyrir fjárdrátt í upphafi málsins. Síðar kom í ljós að þessu var öfugt farið, reikingurinn sýndi inneign Baugs hjá Nordica, þveröfugt við það sem Jón Gerald hafði sagt.

Í öðru lagi varðandi upplestur úr lögregluskyrslu yfir forsvarsmönnum SMS í Færejum var þess að engu getið að Niels Mortensen var láttinn undirrita lögregluskyrslu á íslensku, án þess að kunna það mál. Þá kom það ekki fram að hann neitaði við síðari yfirheyrslu að staðfesta þann framburð sinn að Tryggvi Jónsson hefði á fundi í Kaupmannahöfn lagt að sér að greina frá tilurð reikningsins með ákveðnum hætti.

Dæmi þessi sýna glögglega að sú ábending verjenda Jóns Ásgeirs og Tryggva sem lesin var upp að hluta í Kastljósinu er rétt, að mál af þessu tagi verður einfaldlega ekki flutt með þeim hætti sem tilraun var gerð til af sjónvarpsmönnum.

Umfjöllun Kastljóssins um flókið dómsmál á þessu viðkvæma stigi er afskræmingu þess réttaröryggis sem við hljótum að gera kröfu til. Hún er til þess eins fallin að brengla málið og hafa óeðlileg áhrif á niðurstöðu dómstóla.

Reykjavík, 8. maí 2006.

